

## **Fundargerð 33. fundar ferðamálaráðs - 13. nóvember 2009**

Fundurinn var haldinn í iðnaðarráðuneytinu kl. 8:30.

**Mættir:** Svanhildur Konráðsdóttir formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Dagur B. Eggertsson, Dóra Magnúsdóttir, Einar Karl Haraldsson, Gunnar Sigurðsson, Helgi Már Björgvinsson, Jón Ásbergsson og Pétur Rafnsson.

Einnig áheyrnarfulltrúarnir Ólöf Ýrr Atladóttir og Helga Haraldsdóttir sem ritaði fundargerð. Sævar Skaptason boðaði forföll.

### **1. Fundargerð 32. fundar ferðamálaráðs. Samþykkt.**

**2. Umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu.** HH gerði grein fyrir því að nefnd fjármálaráðherra um umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu hefði ekki lokið störfum. Fulltrúar SAF ítrekuðu mikilvægi þess að slík gjöld rynnu öll til uppbyggingar ferðamannastaða, ekki einungis að hluta til eins og frést hefði að til stæði. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum á næstunni.

**3. Hugmyndir um hækkun vsk á gistingu.** Umræðum frestað þar sem tillögur um þetta eru ekki komnar fram en samþykkt að ítreka ályktun ráðsins frá 8. júlí s.l. varðandi hugmyndir um tekjuöflun ríkissjóðs.

**4. Íslandsstofa.** EKH formaður verkefnisstjórnar um stofnun Íslandsstofu fór yfir stöðuna. Uppdráttur að meginskipulagi tilbúinn og verið að huga að fjármögnun, verkaskiptingu og innleiðingu.

**5. Önnur mál.** Síðasti fundur þessa ráðs sem starfað hefur frá 1. janúar 2006 er fyrirhugaður í desember. Ákveðið að halda vinnufund um gæðastefnu í ferðaþjónustu. Ferðamálastofa vinnur að því að finna vottunar- og gæðakerfi í samstarfi við NMÍ og SAF og gæti stofnunin því undirbúið slíkan fund. Rætt var um að fá einnig nýjan formann FSÍ á fundinn. Dagsetningin 10. des. nefnd sem mögulegur fundardagur og þá hugsanlega utan Reykjavíkur.